




5. nóvember 2024

Stjórnendur iðnfyrirtækja kalla eftir stöðugleika

Stjórnendur iðnfyrirtækja telja mikilvægt að næsta ríkisstjórn beiti sér fyrir stöðugu, hagkvæmu og skilvirku starfsumhverfi. Þeir vilja í því sambandi að næsta ríkisstjórn beiti sér fyrir lækkun verðbólgu og vaxta, dragi úr byrðum á fyrirtækjum í formi skatta og gjalda, lækki eftirlits- og þjónustugjöld og einfaldi laga- og reglugerðarumhverfi fyrirtækja. Einnig vilja þeir að stjórnvöld grípi til aðgerða á framboðshlið hagkerfisins og auki þannig samkeppnishæfni þess, m.a. með því að grípa til aðgerða til að ná jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar á húsnæðismarkaði, tryggja nægt framboð af raforku fyrir uppbyggingu atvinnulífsins, fjölga iðn- og STEAM-menntuðum á vinnumarkaði í takt við þarfir atvinnulífsins og liðka fyrir komu erlendra sérfræðinga í tæknigreinum. Þá vilja stjórnendur iðnfyrirtækja að næsta ríkisstjórn leggi áherslu á að nýframkvæmdir og viðhald innviða tryggi að staða þeirra sé góð og mæti þörfum atvinnulífsins. Þeir vilja einnig að kerfi skattafrádráttar vegna rannsókna og þróunar verði gert varanlegt. Þá vilja þeir að stjórnvöld leggi áherslu á eftirlit með starfsemi réttindalausra í iðnaðargreinum. Þetta er meðal þess sem kemur fram í könnun sem Outcome gerði fyrir Samtök iðnaðarins í lok október síðastliðins.

92% stjórnenda iðnfyrirtækja segja að það skipti miklu máli fyrir rekstur þeirra að næsta ríkisstjórn skapi skilyrði fyrir lækkun vaxta og verðbólgu á næsta kjörtímabili. Ekki nema ríflega 3% segja að það skipti litlu máli. Áherslan á lækkun verðbólgu og vaxta er mikil í öllum greinum iðnaðar en mest í mannvirkjaiðnaði þar sem 98% stjórnenda segja að það skipti miklu máli fyrir rekstur þeirra að stjórnvöld leggi áherslu á að skapa skilyrði fyrir lækkun vaxta og verðbólgu.

Hversu miklu máli skiptir fyrir rekstur þíns fyrirtækis að næsta ríkisstjórn leggi áherslu á eftirfarandi þætti á næsta kjörtímabili:




Stjórnendur iðnfyrirtækja vilja að stjórnvöld leggi áherslu á að draga úr byrðum á fyrirtæki í formi skatta og gjalda. Í könnuninni kemur fram að ríflega 79% stjórnenda iðnfyrirtækja segja að það skipti miklu máli fyrir rekstur þeirra að næsta ríkisstjórn leggi áherslu á að draga úr byrðum á fyrirtæki í formi skatta og gjalda. Ekki nema tæplega 5% segja að það skipti litlu máli. Hlutfall stjórnenda sem segja að þetta skipti miklu máli er hátt í öllum greinum iðnaðarins.

Í könnuninni kemur fram að 62% stjórnenda telja mikilvægt fyrir rekstur þeirra að næsta ríkisstjórn leggi áherslu á að lækka eftirlits- og þjónustugjöld opinberra aðila. Einungis 11% segja að það skipti litlu máli. Innan sviða iðnaðar er hlutfall þeirra sem telja mikilvægt að stjórnvöld leggi áherslu á þetta hæst í

mannvirkjaiðnaði. Í þeirri grein segja 67% að það skipti miklu máli að stjórnvöld leggi áherslu á þennan þátt á næsta kjörtímabili og 10% segja að það skipti litlu máli.

Hversu miklu máli skiptir fyrir rekstur þíns fyrirtækis að næsta ríkisstjórn leggi áherslu á eftirfarandi þætti á næsta kjörtímabili:




Stjórnendur iðnfyrirtækja vilja að næsta ríkisstjórn leggi áherslu á að einfalda laga- og reglugerðarumhverfi. Í könnuninni kemur fram að 78% stjórnenda iðnfyrirtækja segja að það skipti miklu máli fyrir rekstur þeirra að næsta ríkisstjórn leggi áherslu á að einfalda laga- og reglugerðarumhverfi fyrirtækja. Ekki nema 6% segja að það skipti litlu máli. Hlutfall stjórnenda sem segja að þessi þáttur skipti miklu máli er hátt í öllum greinum iðnaðarins.

Í svörum stjórnenda iðnfyrirtækja má greina að þeir telji það skipta miklu máli að næsta ríkisstjórn leggi áherslu á þætti sem styrkja framboðshlið hagkerfisins og efla þannig samkeppnishæfni þess og framleiðni. Í því sambandi segja 72% stjórnenda iðnfyrirtækja að það skipti miklu máli fyrir rekstur þeirra að næsta ríkisstjórn grípi til aðgerða til að ná jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar á húsnæðismarkaði. Ekki nema 7% segja að það skipti litlu máli. Hlutfall þeirra sem segja að þetta skipti miklu máli er sérstaklega hátt í mannvirkjaiðnaði, eða 82%. Rétt ríflega 2% í þeirri grein iðnaðar segja að þetta skipti litlu máli.

Annar þáttur framboðshliðar hagkerfisins sem stjórnendur iðnfyrirtækja telja mikilvægt að næsta ríkisstjórn leggi áherslu á eru raforkumálin. 77% stjórnenda iðnfyrirtækja segja að það skipti miklu máli fyrir rekstur þeirra að næsta ríkisstjórn leggi áherslu á að tryggja nægt framboð af raforku fyrir uppbyggingu atvinnulífsins. Einungis tæplega 5% telja að það skipti litlu máli. Hlutfall þeirra sem telja þetta mikilvægt er sérstaklega hátt í framleiðsluiðnaði, þar á meðal í orkusæknum iðnaði. Þar segja 92% stjórnenda að það sé mikilvægt að stjórnvöld leggi áherslu á þetta, en enginn sagði að það skipti litlu máli.

Menntamál eru annar þáttur framboðshliðar hagkerfisins sem stjórnendur iðnfyrirtækja telja mikilvægt að næsta ríkisstjórn leggi áherslu á. Ríflega 70% stjórnenda iðnfyrirtækja segja að það skipti miklu máli fyrir fyrirtæki þeirra að næsta ríkisstjórn leggi áherslu á að fjölga iðn- og STEAM-menntuðum (vísindi, tækni, verkfræði, listir og stærðfræði) á vinnumarkaði í takt við þarfir atvinnulífsins. Einungis 6% segja að það skipti litlu máli.

Hversu miklu máli skiptir fyrir rekstur þíns fyrirtækis að næsta ríkisstjórn leggi áherslu á eftirfarandi þætti á næsta kjörtímabili:



Nýfjárfestingar og viðhald eru annar þáttur framboðshliðar hagkerfisins sem ákvarðar vaxtargetu, framleiðni og samkeppnishæfni þess. Ríflega 83% stjórnenda iðnfyrirtækja segja að það skipti miklu máli að næsta ríkisstjórn leggi áherslu á að nýframkvæmdir og viðhald innviða tryggja að staða þeirra sé góð og mæti þörfum atvinnulífsins. Einungis 3% segja að það skipti litlu máli. Hlutfall þeirra sem segja að þetta skipti miklu máli er sérstaklega hátt í mannvirkjaiðnaði, þar sem ríflega 90% stjórnenda segja að þetta skipti miklu máli og ekki nema 1% segja að það skipti litlu máli.


Í þessu sambandi segja 76% að það skipti miklu máli fyrir rekstur þeirra fyrirtækja að næsta ríkisstjórn leggi áherslu á að tryggja raunhæfar áætlanir og fyrirsjáanleika í opinberum framkvæmdum. Segja 6% að þetta skipti litlu máli. Aftur mælist hlutfallið hæst í mannvirkjaiðnaði, þar sem 89% segja að þetta skipti miklu máli og einungis tæplega 1% að þetta skipti litlu máli.

Skattahvatar til nýsköpunar hafa leitt til þess að fyrirtæki í hugverkaiðnaði hafa sett aukið fjármagn í rannsóknir og þróun, háframleiðnistörfum hefur fjölgað og útflutningur aukist. Uppskeran af fjárfestingu síðustu 15 ára í rannsóknum og þróun er að koma ríkulega fram í hagkerfinu um þessar mundir, m.a. í vexti útflutnings hugverkaiðnaðar, en reiknað er með því að hann nemi 320 milljörðum króna á þessu ári.

Í könnuninni kemur fram að 71% stjórnenda fyrirtækja í hugverkaiðnaði segja að það skipti miklu máli fyrir rekstur þeirra að næsta ríkisstjórn leggi áherslu á að kerfi skattfrádráttar vegna rannsókna og þróunar verði gert varanlegt. Rétt um 10% segja að það sé ekki mikilvægt. Hlutfall þeirra sem segja að þetta skipti miklu máli er skiljanlega hærra í hugverkaiðnaði en í öðrum greinum iðnaðarins, þar sem hugverkaiðnaðurinn nýtir helst þetta kerfi. Í iðnaði í heild telja 51% stjórnenda mikilvægt að þetta kerfi sé gert varanlegt og 14% að það sé ekki mikilvægt.

65% stjórnenda í hugverkaiðnaði segja að það sé mikilvægt fyrir rekstur þeirra að næsta ríkisstjórn leggi áherslu á að liðka fyrir komu erlendra sérfræðinga í tæknigreinum. Segja 16% í þeirri grein að það skipti litlu máli. Hlutfall þeirra sem segja að þetta skipti miklu máli er eðlilega hærra í hugverkaiðnaði en í öðrum greinum iðnaðarins, þar sem þessi grein nýtir helst slíka sérfræðinga. Í iðnaðinum í heild segja 36% stjórnenda iðnfyrirtækja að það sé mikilvægt að næsta ríkisstjórn leggi áherslu á þetta og 23% að það skipti frekar litlu máli.

Hversu miklu máli skiptir fyrir rekstur þíns fyrirtækis að næsta ríkisstjórn leggi áherslu á eftirfarandi þætti á næsta kjörtímabili:



Í könnuninni kemur fram að 67% stjórnenda iðnfyrirtækja telja mikilvægt að næsta ríkisstjórn leggi áherslu á eftirlit með starfsemi réttindalausra í þeirra grein. Tæplega 13% telja það ekki mikilvægt. Hæst er hlutfall þeirra stjórnenda sem telja mikilvægt að næsta ríkisstjórn leggi áherslu á þetta í mannvirkjáiðnaði, eða 82%. Ekki nema 4% í þeirri grein telja að það skipti litlu máli.

Stjórnendur iðnfyrirtækjanna sem þátt tóku í könnuninni voru spurðir ef þeir hefðu möguleika á að koma að einni spurningu til formanna flokkanna, sem bjóða fram í komandi alþingiskosningum, hver væri hún. Tillögur að 111 spurningum bárust. Snertu þær ýmis mál í umhverfi fyrirtækjanna. Má þar nefna stöðugleika, verðbólgu og vexti, skattamál, tryggingagjald, innviðauppbýggingu, gullhúðun, opinbert eftirlit, húsnæðis- og lóðamál, orkumál, loftslagsmál, nýsköpun og skattahvata rannsókna og þróunar, menntamál og réttindamál.



Könnunin var gerð af Outcome fyrir Samtök iðnaðarins meðal félagsmanna SI á tímabilinu 24. október til 1. nóvember 2024. Svarhlutfallið var 22%.